Húsavík 24. maí 2023

Sveitarfélagið Norðurþing
B.t. Byggðarráðs
Ketilsbraut 7-9
640 Húsavík

Áskorun frá aðalfundi Skógræktarfélags Húsavíkur

Skógræktarfélag Húsavíkur skorar á Norðurþing að leggja meiri áherslu á faglega umhirðu trjágróðurs innan bæjar og á útivistarsvæðum umhverfis bæinn.


Greinargerð
Á undanförnum árum hefur ásýnd Húsavíkur og næsta nágrennis tekið stakkaskiptum með auknum gróðri og skógrækt. Árangur af áratuga ræktunarstarfi hefur skilað fjölbreyttari gróðri, auknu fuglalífi, haft jákvæð áhrif á veðurfar og snjóalög. Nýskógrækt í nágrenni bæjarins hefur orðið til þess að verðmæt útivistarsvæði hafa orðið til sem bæjarbúar nýta sér í auknum mæli, hvort heldur það er til gönguferða, hjólreiða eða útreiða. Þessar breytingar kalla á aukna faglega umhirðu gróðurs og útivistarstíga. Aðalfundur Skógræktarfélags Húsavíkur telur því mikilvægt að efla þennan málaflokk bæði til að sinna betur þeim verkefnum sem fyrir liggja og til áframhaldandi ræktunar og fegrun innan bæjar sem utan.

Til að undirstrika mikilvægi verkefna af þessu tagi er rétt að minna á að aukin skógrækt, uppbygging öflugra og fjölbreytta vistkerfa eru talin eitthvað mikilvægasta sem hægt er að gera til að bregðast við loftslagsbreytingum og hamfara hlýnun. Verkefni af þessu tagi eru því í samræmi við stefnu stjórnvalda og eru nauðsynlegar til að þjóðin getir staðið við alþjóðlegar skuldbindingar.


Samþykkt á aðalfundi Skógræktarfélag Húsavíkur 24. maí 2023.

Með bestu kveðju,
Árni Sigurbjarnarson
formaður Skógrætarfélags Húsavíkur

Nokkrar myndir úr landi Húsavíkur sem sýna þróun í framvindu gróðurs.
Myndir teknar frá Grásteinsheiði. 30 ára friðun hefur ekki stöðvað jarðvegs- og gróðureyðingu, en reynslan sýnir að trjágróður með stuðning lúpínu er skilvirkasta leiðin til að stöðva eyðingu og byggja upp öflugt vistkerfi.



Lúpína lokar sárum og græðir upp mela




Þar sem briki var plantað um svipað leiti og lúpínu sáð er að koma skógur



Lúpínan á undanhaldi og birkið að taka yfir ásamt sjálfsáðum víði.
Á 20 árum tókst að breyta eyðimel í gróðurvin.





Skjólbrekka, Skálamelur og Skálatjörn 1990



Séð yfir Skálatjörn



Trjágróður í Skálamel




Hlíðar Húsavíkrufjalls 1990



Hlíðar ofan Botnsvatns




Við Botnsvatn
Við friðun Húsavíkurlands 1990 byrjuðu ýmsar „ágengar plöntur“ að dreifa sér út fyrir gömlu skógræktargirðinguna sem girt var fyrir 1950. Lúpínan var fyrst til að nema land en með tímanum afa víðitegundir og blómgróður sótt á og eru á góðri leið með að ryðja lúpínunni úr vegi en áður það gerist hefur hún náð að vinna sitt gagn.
1998 var hér að mestu möl og sandur.

Til að Ísland geti staðið við skulbindingar sínar í loftslagsmálum er nauðsynlegt að stjórauka skógrækt og uppgræðslu, losun frá landeyðinu vegur ennþá þyngst.

